59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bænarskrár embættismanna um tillag til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

1862. 24. októberm.

Fjárstjórnin hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að bænarskrár þær, sem til hennar koma frá embættismönnum á Íslandi um að mega greiða tillag til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar til þess, að konur þeirra geti fengið fjárstyrk af stofnun þessari, ef þær lifa menn sína, sèu á stundum ekki svo úr garði gjörðar, að það, sem um er sótt, verði þegar í stað veitt, og að ekki sè ætíð rètt skilið það, sem fyrir er skipað í opnu brèfi 31. maím. 1855, 3. gr.

Af þessum orsökum og af því það er ákjósanlegt vegna fjarlægðar Íslands, að allt, er lýtur að skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið — en dráttur í því efni getur haft mikilvægar afleiðingar fyrir þá, er hlut eiga að máli — sè svo föstum reglum bundið, að komizt verði hjá langvinnum brèfaskriptum, er olla svo miklum drætti, þá hefir fjárstjórnin álitið mjög áríðandi, að öllum, er að þessum málum standa, verði birtar fastar reglur um, hvernig fullnægja skuli boðinu í lagagrein þeirri, sem að ofan er nefnd (opið br. 31. maím. 1855, 3. gr.). Í þessu skyni hefir fjárstjórnin tekið fram, að þar sem lögunum frá 5. janúarm. 1851, sem bjóða, að sannað skuli með vottorði frá stjórnarráði þessu áður embættismennirnir fái að giptast, að þegar sè búið að greiða framfærslutillagið, er með lagagrein þessari breytt á þann hátt, að nóg sè að amtmanni hafi verið send bænarskrá til fjárstjórnarinnar um að mega greiða tillag til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar, þá þurfi það ekki neinnar frekari útlistunar við, að lagaboðinu sè því að eins fullnægt, að bænarskrá þessi sè svo úr garði gjörð, að henni verði áheyrsla veitt, en eptir reglugjörð stofnunarinnar og ákvörðunum í opnu brèfi 31. maím. 1855, 1. og 8. gr., þarf til þessa ítarlega skýrslu með nægum skilríkjum um aldur embættismannsins og konu hans tilvonandi, og um embættistekjur hans, svo og vitnisburð læknis um, að lífi hans sè engin bráð

1862. 24. októberm.

hætta búin; því fyrst þá, þegar slíkar skýrslur eru fyrir hendi, getur fjárstjórnin til bráðabirgða greitt hið fyrsta árstillagið. Optlega getur svo á staðið, að hèr sè þegar til skýrsla um embættistekjurnar, en með því verið getur, að þá skýrslu vanti, eður að hún sè orðin of gömul, þykir fjárstjórninni rèttast, að hlutaðeigendum sè boðið að láta bænarskránum ávallt fylgja hið vanalega skýrsluform um forsorgun ekkna, og sè það út fyllt svo, sem vera ber.

Með því nú dómsmálastjórnin verður að fallast á það, sem nú hefir sagt verið, skorar hún á yður, herra (tit.), eptir tilmælum fjárstjórnarinnar, að þèr ekki gefið vitnisburð þann, sem þarf til þess, að embættismenn fái að giptast, fyrri en þèr hafið fengið bænarskrár þeirra um, að þeir megi fá hlutdeild í lífsfjár- og framfærslustofnuninni, en í þeim bænarskrám ætti að taka fram svo nákvæmlega, sem unnt er, hvenær áformað er að giptingin eigi fram að fara, og eiga þeim að fylgja skírnarseðlar beggja hjónanna, læknisattesti samkvæmt 8. grein í hinu opna brèfi 31. maím. 1855 og út fyllt skýrsluform um ekkjuforsorgun, og á eins og vant er amtmaður að gæta þess, að embættismaðurinn hafi í því sagt rètt frá um tekjur sínar, og staðfesta það með vottorði sínu; á síðan amtmaður að senda bænarskrána með þeim fylgiskjölum, er nú hefir sagt verið, með næstu póstferð hingað, svo hún hèðan verði send fjárstjórninni.

Í sambandi við þetta skal því við bætt til eptirbreytni og íhugunar, að fjárstjórnin hefir skýrt frá, að ef nokkur óski að nota sèr leyfi það, sem veitt er í 2. gr. 3. atr. í ofangreindu lagaboði, til að fá sig undanþeginn þeirri skyldu að sjá konu sinni fyrir hinu vanalega lífsfè, þá getur hlutaðeigandi amtmaður veitt slíkt leyfi til bráðabyrgða, en þess ber þá vandlega að gæta, að sett sè veð fyrir því, að konan, ef hún erði ekkja, fái æfilangt hvernig sem fer svo miklar fastar árlegar ekjur í peningum, sem lögboðið er um upphæð lífsfjárins, en amtmaður á þá þegar að senda með næstu póstferð bænarskrá þess, er hlut á að máli, um leyfi þetta, og eiga henni að fylgja allar skýrslur sem þörf er á, og álitsskjal amtmanns, og sker síðan fjárstjórnin úr málinu.